

Kjalnesingur

6. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

17. september 2013

Íbúafundur um skipulagsmál.

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur falist í margvíslegri greiningarvinnu, mati valkosta og samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands Reykjavíkur og í því birtist stefna borgarinnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál, þróun byggðar og byggðamynstur til ársins 2030. Í aðalskipulaginu eru jafnframt forsendur fyrir gerð hverfis- og

deiliskipulags. Aðalskipulag tekur ekki gildi fyrr en eftir lokasamþykki borgarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðuneytis.

Skipulagsmál skipta okkur miklu máli og því hafa ÍK og hverfisráðsið boðað til sameiginlegs íbúafundar um þessa tillögu í Fólkvangi nk. miðvikudag kl. 17:30. Við hvetjum alla íbúa til að mæta og tjá sig um hvort þessi tillaga uppfylli væntingar sem framtíðar íbúasvæði.



Kjalarnes á Fasbókinni.

Íbúasamtökin hafa stofnað HÓPINN Kjalarnes á fasbókinni þar sem SÍÐAN Kjalarnes.is nýtist ekki vel til skoðana-skipta. Það fjölgar ört í þessum hópi en hann er hugsaður til að miðla upplýsingum og koma góðum ábendingum á framfæri.

Áfram munu ÍK halda úti heimasíðunni www.kjalarnes.is ásamt Kjalnesingi sem miðað er við að komi að jafnaði út átta sinnum á ári. Þá nýtum við áfram póstlistann okkar sem telur nú á fjórða hundrað netföng til að senda út liðinn "á döfinni". Þeir sem ekki fá á döfinni sent til sín í tölvupósti geta óskað eftir því með því að senda tölvupóst á netfangið ik@kjalarnes.is.

Stefna Skotreytnar gegn ÍK

Eins og greint hefur verið frá unnum við þetta mál í héraði. Áfrýjunarfrestur rennur út nú í vikunni þannig að niðurstaða þessa máls liggur enn ekki fyrir. Nánar verður fjallað um málið í næsta tölublaði Kjalnesings.

Grænt Kjalarnes.

Í upphafi þessa árs hófst formlega verkefnið Grænt Kjalarnes sem fjallar um uppbyggingu og þróun á Kjalarnesi. Þetta er víðtækt samstarfsverkefni félaga og stofnana á Kjalarnesi. Hér er vettvangur fyrir íbúa til að móta framtíðarsýn á svæðið.

Fyrsti ársfundur Græns Kjalarness verður í Fólkvangi nk. laugardag 21. sept. kl. 10:00. Á dagskrá verður skýrsla um þau verkefni sem unnið hefur verið að. Einnig verður farið í hugarflugs vinnu varðandi framtíðarsýn á svæðið umhverfis Grundarhverfi. Félög, stofnanir og fyrirtæki eru hvött til að senda fulltrúa á fundinn en einnig eru allir velkomnir þó þeir tilheyri ekki ákveðnum félögum, fyrirtækjum eða stofnunum.

ÁH

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Kjalnesingur

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Þetta blað er að vanda fullt af upplýsingum um mál sem snerta Kjalnesinga. Nokkuð af efni liggur fyrir sem ekki komst að í þessu blaði. Þar má nefna Grænfánaskólana, kynningu á sjósundinu, dóm í máli Skotreytnar gegn Íbúasamtökunum, húsnæðismál á Kjalarnesi svo eitthvað sé nefnt.



Undirbúningur að útgáfu næsta blaðs er því hafinn og stefnt að útgáfu fyrir lok október. Alltaf má hafa samband við okkur á netfangið: ik@kjalarnes.is og síma Fólkvangs 662 5566

Grænt Kjalarnes á fasbókinni



Hverfisráðið vekur athygli á að komin er fésbókarsíða sem ber heitið Grænt Kjalarnes. Vonast er til að þar verði upplýsingar og umræður til gagns og gamans fyrir Kjalnesinga. Nýtum samtakamáttin.

Við hvetjum alla Kjalnesinga til að ganga í hópinn.

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir verða í Fólkvangi annan miðvikudag í mánuði kl 20:00

Framundan er kaffihlaðborð í Fólkvangi þann 3. nóvember kl. 15—17 og því næst verður jólabasarinn ásamt jólaföndri skógræktarfélagsins þegar líður að aðventu

Póstlistinn “á döfinni”

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn “á döfinni” frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur “póstlisti” verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

ÁGÆTU KJALNESINGAR

Takk fyrir að flokka!

PAPPÍR ER EKKI RUSL



QR code

Allt um breytta sorphirðu í hverfinu þínu er að finna á pappirerekkirust.is

Reykjavíkurborg

SORPA

Fermingarundirbúningur í Reynivallaprestakalli

Fermingarundirbúningur í Reynivallaprestakalli er að hefjast.

Eftir guðsþjónustu í Brautarholtskirkju 22. sept. kl. 11 f.h. verður fundur með væn-
tanlegum fermingarbörnum í Brautarholtssókn og foreldrum þeirra, þar verður greint frá tilhögun fermingarundirbún-
ings.

Sambærilegur fundur verður í Reynivallakirkju fyrir börn úr Reynivallasókn, eftir messu sem verður þar þann 6. okt kl. 14.



Fermingardagar í Brautarholts kirkju verða sumardaginn fyrsta (24. apríl) og sunnudaginn 27. apríl, báða dagana kl. 11 f.h. og 13:30.

Gert er ráð fyrir að fermingardagur á Reynivöllum verði sunnudaginn 4. maí kl. 14.

Skráning fermingarbarna fer fram hjá undirrituðum á netfanginu sgunnar@ismennt.is eða í síma 8614701.

Gunnar Kristjánsson sóknarprestur á Reynivöllum

Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

Sl. sunnudag var fjölmenni í fyrsta sunnudagaskóla vetrarins í Brautarholtskirkju.

Það verður gaman hjá okkur í vetur. Við ætlum að syngja fullt af skemmtilegum lögum og hlusta á fræðandi biblíusögur.



Svo kemur hann sr. Gunnar Jóhannesson héraðsprestur stundum í heimsókn til okkar með vini sína Rebba ref og Músarpésa – þá er sko stuð!

Verið öll hjartanlega velkomin!

Kveðja,
Rannveig Iðunn og Palli Helga

Umhverfisviðurkenning hverfisráðs Kjalarness

Hverfisráð Kjalarness veitti umhverfisverðlaun í fjórða sinn á Kjalarnesdögum. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning til íbúa Kjalarness að huga að gördum sínum og nærumhverfi.

Umhverfisverðlaunin voru veitt í þremur flokkum:

- Snyrtilegasti garðurinn við íbúðarhús í hverfinu
- Snyrtilegasta bæjarstæðið á Kjalarnesi, og
- Snyrtilegasta fyrirtækið á Kjalarnesi.

Tilnefningar bárust í alla flokkana í ár og valdi hverfisráðið eftir þeim. Í ár voru það íbúarnir að Búagrund 3 sem fengu viðurkenningu fyrir snyrtilegasta garðinn í hverfinu, íbúarnir á Grundarhóli í Kollafirði fengu viðurkenningu fyrir snyrtilegasta bæjarstæðið og eigendur Vallár fengu viðurkenningu fyrir snyrtilegasta fyrirtækið.

Búagrund 3

Verðlaunahafarnir að Búagrund 3 eru Áslaug Árnadóttir og Pröstur Theódórsson.

Garðurinn þeirra er bæði fallegur og mjög snyrtilegur, vel skipulagður og vel við haldið. Í garðinum er gott úrval trjáplantna og fallegur pallur með skjólgirðingu. Eigendur hafa jafnframt tekið að sér að slá grasið alveg fram að göngustíg fyrir neðan lóðina og gera þannig mjög snyrtilega aðkomu að garðinum sjávarmegin. Garðurinn sjávarmegin er opinn en ekki afgirtur og hefur tekist vel til við að láta hann falla að umhverfinu auk þess sem

útsýni er einstakt bæði úr garðinum og af pallinum sem er girtur af að hluta til með gleri.

Grundarhóli í Kollafirði

Verðlaunahafarnir að Grundarhóli eru Anna Grétarsdóttir og Guðbergur Grétar Birisson. Garðurinn þeirra, sem er sérlega fallegur og snyrtilegur, er á stórrí lóð sem er skipt upp í mismunandi svæði. Þar er m.a. stórt leiksvæði og minni grasflatir umluktar fallegum runnagróðri, auk þess sem í garðinum er pallur með heitum potti og garðskáli. Fallegar stytur setja sinn svip á garðinn. Garðinum er mjög vel við haldið og í honum er fjölbreytt úrval plantna, einkum runnagróður og tré. Garðurinn fellur vel inn í hið mikla skóglendi að Mógilsá sem er allt um kring.

Vallá

Fulltrúar verðlaunahafa að Vallá eru Guðrún Ólafía Sigurðardóttir og Geir Gunnar Geirsson. Vallá er gróð fyrirtæki á Kjalarnesi og á lóðinni eru m.a. eggjabú og íbúðir fyrir starfsmenn. Umhverfið við húsin er mjög snyrtilegt, vegir malbikaðir, grasflatir slegnar og trjágróður mikill. Aðkoman að fyrirtækinu þar sem keyrt er í gegnum trjágöng er mjög skemmtileg. Eigendur Vallár eiga sérstakan heiður skilið fyrir myndarlega gróðursetningu á landi sínu. F.h. hverfisráðs
Eldey Huld Jónsdóttir, varaformaður

Sjósund – helstu hættur og fyrsta hjálp

Björgunarsveitin Kjölur stendur fyrir fyrirlestri í Fólkvangi sunnudaginn 20. október kl 12.30. Efni hans er; „Helstu hættur og fyrsta hjálp vegna sjósunds“.

Fjallað verður m.a. um ofkælingu, drukknun og fyrstu hjálp því tengdu. Reynt verður að svara helstu spurningum um áhrif kulda og hita á blóðrásarkerfið.

Fyrirlesari verður Friðrik Theodórsson slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðins.

Reykjavíkurborg styrkir fyrirlesturinn.

Allir áhugasamir eru velkomnir – kaffi á könnunni.



Reykjavíkurborg

Af starfi Björgunarsveitinnar Kjalar

Frekar fá útköll hafa verið á höfuðborgarsvæðinu í sumar og hefur sveitin nýtt tímann í annað.

Að venju var staðin vakt á hálendinu og ferðamönnum bjargað eða aðstoðað með ýmsum hætti. Í ár voru tvær vikur teknar, ein vika á Kjalvegi og önnur vika á Fjallabaki. Margir góðir aðilar styrktu okkur með mat vegna vaktanna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Í byrjun september fóru fimm félagar ásamt fleiri björgunarsveitarmönnum og við-

bragðsaðilum til Grænlands á æfinguna SAREX Greenland Sea. Æfingin var björgunaræfing þjóða á norðurslóðum með þátttöku frá Danmörku, Grænlandi, Kanada, Bandaríkjunna og Íslandi. Sveitin var ásamt öðrum í hlutverki áhafnar og farþega

skemmtiferðaskips í neyð, sem höfðu slasast í afskekktum firði í grennd við Meistaravík. Framundan er hefðbundið vetrarstarf með æfingum, fundum, vinnuvöldum og fjáröflunum. Nýir félagar eru ávallt velkomnir í Þórnyarbúð á miðvikudögum kl 20.

Nánar um sveitina á heimasíðuna: www.bjsvkjolur.is



Kjalarmenn á leið til Meistaravíkur á Grænlandi. Á myndina vantar Mariú

Framkvæmdir á vegum OR

Á næstu dögum mun fyrirtækið Steinmótun ehf hefja framkvæmdir endurnýjun á raf- og hitaveitulögnum á Kjalarnesi. Síðast liðið haust og vetur voru óvanalega tíðar bilanir hjá rafveitunni og fannst Kjalnesingum iðulega þurfa að tendra kertaljós vegna rafmagnsleysis. Samkvæmt upplýsinum frá

Hitaveitulögn verður endurnýjuð frá Söðlagerði að Vallá en tvöfaldur rafmagnsjarðstrengur lagður frá Söðlagerði út og í gegnum Grundarhverfi en þetta er sá kafli sem þurft hefur mest viðhald upp á síðkastið. Í þessu verki verður jafnframt komið á hringtengingu í Grundarhverfi sem ætti að auka



OR var afhendingaöryggið þó langt yfir því lágmarki sem rafveitum eru settar.

Í sumar var boðin út verk við endurnýjun hita- og rafmagnslagna á Kjalarnesi. Sá sem lægst bauð var fyrirtækið Steinmótun með liðlega 43 millj. sem er um 50% af kostnaðaráætlun.



rekstraröryggið til muna. Steinmótun mun skila sínum hluta fyrir áramót en eftir það tekur við tengivinna starfsmanna Orkuveitunnar. Ekki er á þessari stundu hægt að segja hvenær því verki líkur þar sem það er mjög háð veðri.

ÁH

UMFK fréttir

Ágætu Kjalnesingar.

Hér að neðan ætlum við að fjalla lítillega um það sem framundan er hjá okkur í haust og fram að áramótum. Við höfum ráðið íþróttafulltrúa sem mun hefja störf í desember n.k. en hann heitir Halldór Lárusson og er búsettur í Mosfellsbæ, en Birgitta Maggý Valsdóttir lét af stöfum nú í ágúst sl. og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári og óskum henni velfarnaðar á komandi árum í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur. Þangað til að Halldór byrjar mun Hörður „gamli“ íþróttafulltrúinn okkar aðstoða okkur við hin ýmsu verkefni sem snýr að því að halda úti starfi eins og hjá UMFK. Hörður þekkir vel til félagsins og fannst okkur því ágætt að fá hann til liðs við okkur næstu 4 mánuði. Líkt og sl. vetur verður ýmislegt í boði hvað íþróttastarfið varðar. Við munum bjóða uppá frjálssar íþróttir, íþróttaskóla fyrir 3-5 ára, styrktarþjálfun eða fitness eins og við höfum ákveðið að kalla það fyrir 5.-10. bekk og íþróttafjör fyrir 1.4. bekk sem mun verða á skólatíma. Ráðinn hefur verið þjálfari sem mun sjá um frjálssarnar, fitnessið og íþróttaskólann og heitir hann Björn Hákon Sveinsson. Björn er einkaþjálfari og hefur almennt mikið gaman af íþróttum. Björn er búsettur á Kjalarnesi þannig að við



vonumst eftir góðu samstarfi við hann. Íþróttafjörð sem er á skólatíma mun íþróttakennarinn hann Bjarni Ævar Árnason halda utan um. Hægt er að skrá sig á námskeiðin með því að senda tölvupóst á netfangið umfk@umfk.is. Við munum líkt og undanfarin ár vera með ýmsa aðra afþreyingu fyrir krakkana og verður það auglýst með góðum fyrirvara, en fyrsta kvöldið verður pizzukvöld 9. október svo endilega takið þann dag frá. Nánar auglýst síðar.

Endurnýjaður samningur

Nú á dögunum var endurnýjaður samningur við Vífilfell og hjálpar það okkur að hafa kvöld eins og pizzukvöld í algjörum lágmarks kostnaði. Þeir leggja til ýmsar vörur sem koma sér til góða fyrir félagið. Við munum að sjálf-sögðu halda merki þeirra á lofti og vonumst til að eiga gott samstarf við þá áfram, en samningurinn við þá var gerður til tveggja ára.

Við viljum endilega biðja ykkur um að hafa samband við okkur ef það eru einhverjar spurningar og er hægt að hringja í Hörð í síma 778-5500.

Hlökkum til að starfa með ykkur í vetur. Sjáumst hress.

Stjórni og íþróttafulltrúi UMFK.

Kvenfélagið Esja

Kaffihlaðborð sunnudaginn 3. nóv. 2013

kl. 15-17 í Fólkvangi



Því ekki að gera sér dagamun og styðja um leið

kvenfélagið til góðra verka í hverfinu.

1000 kr. / fullorðnir

500 kr. / börn

Afhverju að hafa foreldrafélag?

Á Kjalarnesi eru tvö foreldrafélög, eitt í Leikskólanum Bakka-bergi og eitt í Klébergsskóla. Ég hef þann heiður að vera í báðum þessum félögum, það gerir mikið fyrir mann að vera búin að fylgja þeim frá leikskóla til grunnskóla. Í leikskólanum byrjar foreldrafélagsstarfið með því að skipuleggja jólaball leikskólans sem er haldið ár hvert í félagsheimilinu Fólkvangi. Foreldrafélagið fær gefins tré í gegnum Skógræktarfélagið og svo er ballið mjög heimilislegt, allir foreldrar koma með eitthvað á hlaðborð og svo kemur auðvitað jólasveinn eða sveinar í heimsókn og gefa börnunum nammipoka.

Þó ég hafi verið smá þreytt við þennan undibúning og frágang þá er þetta alveg þess virði því krakkarnir eru svo ánægðir og ekki verra að sjá alla foreldrana hittast og spjalla í rólegheitunum.

Svo í janúar er það leiksýning sem pöntuð er í samvinnu við leikskólann og sýning valin sem hentar öllum aldursflokkum. Svo eftir smá pásu er komið að sveitarferðinni á Grjóteyri, þar sem allir á leikskólanum koma saman til að skoða dýrin, borða pylsur og hafa gaman. Svo er endað með Sumarhátíð, þar sem er mikil sápufroða, oftast vatnspema, pylsur og veitingar og krakkarnir skemmta sér konunglega sem gerir alla þessa vinnu þess virði. Ekki verra að kunna nöfnin á öllum börnunum í leikskólanum og sjá hversu ánægð þau eru með þegar maður kallar þau með nafni og spyr hvernig þau hafi það.

Í Klébergsskóla byrjar foreldrafélagsstarfið með því að skipuleggja óvissuferð fyrir 10. bekkinga, sem hefur verið mjög skemmtilegt. Síðustu 2 árin hafa krakkarnir farið í ratleik, bakað pizzur og farið svo í útistofuna til að syngja og borða eitthvað

gott og hafa gaman saman. Svo er farið í að skipuleggja jóla-föndrið og í fyrra var ákveðið að breyta til og hafa á sama tíma piparkökuhúsa keppni sem ég gekk mjög vel og fengu allir þátttakendur verðlaun. Þó ég hafi verið smá þreytt eftir undibún-



inginn af jólaföndrinu þá var þetta samt þess virði, bæði börn og foreldrar fóru heim með bros á vör, með vinninga og allt föndrið sitt.

Svo kom smá pásu og svo var farið í það að skipuleggja öskudaginn. Foreldrafélagið tekur að sér með aðstoð skólans að halda utan um 2 tíma dagskrá fyrir krakkana þar sem allir eru í búningum. Byrjað er á leikjum og svo fá allir að slá köttinn úr tunnunni. Eftir það er nammí í boði foreldra-félagsins og svo fara krakkarnir

af stað til að syngja í hverfinu. Í maí aðstoðar foreldrafélagið skólann við að grilla pylsur á íþróttadeginum.

Allt þetta er alveg þess virði, það gerir ekkert til þó maður sé smá þreyttur stundum, aðalatriðið er að börnunum okkar líði vel og þau hafi það gott. Nú er svo komið að ég er að hætta í báðum félögum. Ég er ekki lengur með barn í leikskólanum og búin með mín 2 ár í skólanum.

Það gengur því miður illa að fá foreldra til að koma í stjórn og lítur ekki vel út. Munum bara að ef ekkert foreldrafélag er til staðar þá eru þessi ofantöldu atriði ekki á dagskrá. Vonandi les þetta einhver sem gæti hugsað sér að fara í foreldrafélag næstu 2 árin til að gera börnin okkar enn kátari.

Soffía Sóley Práinsdóttir



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125

renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjörobörðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Halloween Party

í Fólkvangi laugardaginn 26. okt.

.Laugardaginn 26. október 2013 verður haldið Halloween party/Búningapartý í Fólkvangi.

Fyrir yngri kynslóðina kl.13-15

og aðgangseyrir kr. 500,-.

Allur hagnaður rennur til styrktar Leikskólanum Bergi og Klébergs-skóla en foreldrafélögin munu ráðstafa þeim.

Í boði verður safi, marglitað popp og nammi.

Brjálað fjör og geggjað diskó eins og í gamla daga.

Gott tækifæri fyrir unga sem aldna til að fá búningaútrás.



Um kvöldið er svo Halloween party/ball fyrir eldri kynslóðina, 18 ára og uppúr frá kl.20 og fram á rauðanótt.

Verið er að vinna í að búa til hljómsveit fyrir kvöldið.

Aðgangseyrir verður 1000 kr. og fer allur hagnaður upp í kaup á nýjum kaffikönnum fyrir Fólkvang. Leyfilegt er að hafa sínar eigin veitingar með.

Margir Kjalnesingar hafa farið í Fólkvang á jólaball, fermingaveislur og brúðkaup og við Kjalnesingar þurfum að vera dugleg að viðhalda húsinu.

Soffía Sóley s.867-2331 ef einhver vill taka þátt.

Félögin á Kjalarnes

Ársfundur Græns Kjalarness

verður 21. september kl. 10.00-12.30 í Fólkvangi

Á dagskrá er að heyra frá vinnuhópunum um stöðu mála, að hverju þeir hafa verið að vinna, hvað er framundan og hvaða stuðning vantar fyrirsjáanlega.

Í framhaldi ætlum við að leggjast yfir kort og útfæra þá sýn af svæðinu sem verið er að þróa í verkefninu - með sérstaka áherslu á græna trefilinn, óbyggða svæðið milli skóla og íbúðabyggðar og svæðið sunnan (vestan?) íbúðabyggðarinnar.

Þessari vinnu er bæði ætlað að hjálpa okkur að ná heildarsýn, en einnig að vera undirbúningur fyrir hverfisSKIPULAGSVinnu fyrir svæðið sem borgin stefnar á að hefja á næsta ári.

Vonumst til að sjá alla þátttakendur í Grænu Kjalarnesi og vonandi fleiri sem eru áhugasamir um þróun Kjalarnes.

Grænt Kjalarnes er samstarfsverkefni félagasamtaka og stofnana á Kjalarnesi, um þróun og uppbyggingu svæðisins. Verkefnið hófst í febrúar 2013.

Allir eru velkomnir á þennan fyrsta ársfund Græns Kjalarness.

Íbúafundur um skipulagsmál

miðvikudaginn 18. sept. kl. 17:30 í Fólkvangi

- Fundurinn er um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur með sérstaka áherslu á Kjalarnes.
- Gestur fundarins verður Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og verkefnisstjóri aðal- og svæðisskipulags á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
- Haraldur kynnir helstu áherslur sem varða Kjalarnes og svarar fyrirspurnum.
- Frestur til að skila athugasemdum við aðalskipulagstillöguna rennur út 20. september.

Fyrirspurnir má senda á netfang ÍK: ik@kjalarnes.is

Hverfisráð Kjalarness
Íbúasamtök Kjalarness

Ársfundur Græns Kjalarness

laugardaginn 21. sept. kl. 10:00 í Fólkvangi

Helgiöld í Brautarholtssókn

22. sept., kl. 14:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju, fermingarundirbúningur eftir messu.

29. sept., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

06. okt., kl. 14:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson

13. okt., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

27. okt., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

10. nóv., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

17. nóv., kl. 14:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson

24. nóv., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

6. október, guðspjónusta kl. 14,

10. nóvember, guðspjónusta kl. 14,

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur